



Framkvæmdaleyfi

fyrir lagningu jarðstrengs

Leyfishafi: Landsnet hf. kt. 5808042410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík

Tengiliður: Friðrika Marteinsdóttir, sími 660-1530. Netfang: fridrikam@landsnet.is

Með vísan til 13.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, umsóknar um framkvæmdaleyfi nr. 202309083 dags. 16.janúar 2024 og afgreiðslu 367.fundar sveitarstjórnar þann 19.mars 2024 er hér með gefið út svohljóðandi framkvæmdaleyfi:

Lýsing:

Framkvæmdin felur í sér lagningu 66 kV jarðstrengs frá tengivirki Landsnets á Rangárvöllum við Akureyri að tengivirki Landsnets á Dalvík á Höfða sunnan Svarfaðardalsár skv. meðfylgjandi skýringaruppráttum.

Framkvæmdaleyfi þetta á eingöngu við um þann hluta fyrirhugaðrar framkvæmdar sem liggur innan sveitarfélagamarka Dalvíkurbyggðar.

Framkvæmdin innan sveitarfélagamarka Dalvíkurbyggðar samanstendur af verkhlutanum LOT2 sem kemur til framkvæmda vorið 2024 og lýkur með lokafrágangi haustið 2025.

Leitast verður við að hafa strengleið vel innan girðinga og fjarri eldri skurðgreftri til að auðvelda framkvæmd verks.

- Framkvæmdin felur í sér þverun eftirfarandi vatnsfalla:

Undir botn Hálsár, staðsetning: 65.94673°, -18.4852°.

Undir botn Þorvaldsdalsár, staðsetning: 65.92569°, -18.3568°.

Skurður verður grafinn í árbotn og ídráttarrör lögð þar í sem strengur verður dreginn í gegnum.

- Framkvæmdin felur í sér þverun vega skv. eftirfarandi:

Ólafsfjarðarvegur við Syðri Haga – stöð 27875.

Ólafsfjarðarvegur við Krossa – stöð 34760.

Ólafsfjarðarvegur við suðurenda Hrísatjarnar – stöð 41375.

Hauganesvegur (809) við gatnamót Ólafsfjarðarvegur – stöð 31815.

Árskógssandsvegur (808) við gatnamót Ólafsfjarðarvegur – stöð 32805.

Skíðadalsvegur (807) við gatnamót Ólafsfjarðarvegur – stöð 41010.

Þverun vega verður framkvæmd með múlun eða borun án þess að rjúfa yfirborð vega skv. meðfylgjandi framkvæmdalýsingu.

Þverun heimreiða og slóða með óbundnu yfirborði verður grafin, boruð eða múluð eftir atvikum og nánara samráði við verktaka og landeigendur.

Í kjölfarið mun verktaki grafa lagnaskurði og tengiholur og verða strengir í framhaldi af því dregnir út hver fyrir sig og loks lagðir í þríhyrningshneppi í skurðinn og sandað yfir. Gengið verður frá hlífðar- og aðvörunarborðum ásamt því að leggja út fjarskiptarör og að síðustu gengið frá yfirfyllingu.

Leitast verður við að samræma vinnu jarðvinnu- og tengiverktaka. Verktakar verða upplýstir um eðli og tegund þverana og fyrirliggjandi lagnir áður en framkvæmd hefst. Rafstrengir verða teknir úr rekstri við þverun þeirra og mun verktaki gera viðkomandi veitustofnun viðvart um vinnu við þverun með a.m.k. 4 vikna fyrirvara. Ef ekki reynist unnt að taka háspennustreng úr rekstri við þverun mun spennuvörður viðkomandi veitustofnunar vera viðstaddur framkvæmdina.

Lögð er áhersla á að lágmarka allt yfirborðsrask á framkvæmdasvæðum og endurnýta eins og kostur er núverand gróðurþekju og jarðveg við yfirborðsfrágang. Verkinu verður skilað þannig að útlit gróðursvæða verði sem líkast því sem það var við upphaf framkvæmdar.

Vegalengd fyrirhugaðrar framkvæmdar innan Dalvíkurbyggðar er um 17 km.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020.

Áætlaður framkvæmdatími er 2024-2026.

Skilyrði:

- Í samræmi við umsögn Hafrannsóknarstofnunar dags. 15.september 2023 skal vandað til verka og leitast við að stytta framkvæmdatíma og áhrifasvæði við þveranir árfarvega sem mest og fylgjast með hugsanlegum áhrifum framkvæmda utan framkvæmdasvæðis við straumvötn.
- Takmarka skal framkvæmdasvæðið eins og kostur er og ganga þannig frá röskuðum svæðum að framkvæmdum loknum að jarðefni skolist ekki út í straumvatn, s.s. í úrkomu eða leysingum.
- Tæki og vélar sem notuð eru skulu vera með gilda ástandsskoðun og það tryggt að ekki berist mengandi efni, þ.m.t. olíuefni, í árvatn og jarðveg.
- Allur laus úrgangur sem kann að falla til vegna framkvæmdar skal fjarlægður á framkvæmdatíma og fargað á viðurkenndan hátt.
- Í samræmi við umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 6.febrúar 2024 skal stöðva framkvæmd án tafar og gera Minjastofnun viðvart ef áður ókunnar fornleifar finnast við framkvæmdina.
- Skriflegt samþykki landeigenda skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast á hlutaðeigandi landeign.

- Framkvæmdir innan Friðlands Svarfdæla skulu lúta þeim skilmálum sem settir eru fram í leyfi Umhverfisstofnunar, dags. 23.maí 2024 og er fylgiskjal með leyfi þessu.
Framkvæmdir innan friðlandsins eru óheimilar utan tímabilsins 1.september til 30.apríl.
- Jarðraski skal haldið í lágmarki og gengið frá yfirborði á sama hátt og komið var að því áður en framkvæmd hófst. Svarðlagi skal haldið til haga og það jafnað snyrtilega ofan á skurðsár við frágang.
- Frágangi á framkvæmdasvæði skal lokið innan gildistíma framkvæmdaleyfis. Undanþegnir eru vinnuslóðar sem nýta á til stígagerðar á vegum Dalvíkurbyggðar. Samráð skal haft við framkvæmdasvið Dalvíkurbyggðar um viðskilnað á umræddum slóðum.
- Ef rífa þarf niður girðingar vegna framkvæmda skal þeim skilað aftur í a.m.k. jafn góðu ásigkomulagi og var áður en til framkvæmda kom.
- Farið skal eftir skilmálum sem settir eru fram í umsögn Vegagerðarinnar dags. 2.maí 2024, þ.m.t. skilmálum um merkingar vinnusvæða, merkingar lagnaleiðar með hælum og frágang framkvæmdasvæðis.
- Ef loka þarf umferð um vegi eða rjúfa tengingar við veitur vegna framkvæmdarinnar skal framkvæmdaraðili tilkynna það til viðkomandi rekstraraðila auk skipulagsfulltrúa með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.
- Framkvæmdaraðili eða verktaki á hans vegum skulu gera ráðstafanir þannig að vélar og tæki beri ekki grjót og jarðveg inn á þjóðveg og aðrar umferðarleiðir. Fyllsta öryggis skal gætt m.t.t. umferðar, svo sem vegna umferðar á þjóðvegi, útivistarfólks og búfjár.
- Við verklok skal fara fram umhverfisúttekt á vegum sveitarfélags og framkvæmdaraðila og skal framkvæmdaraðili gera úrbætur á frágangi mannvirkja, slóða eða vegna annars rasks ef ásýnd og frágangi þykir ábótavant.
- Framkvæmdaraðili skal hafa reglulegt samráð við eftirlitsaðila á vegum sveitarfélagsins á framkvæmdatíma. Miða skal við að samráðsfundir verði haldnir mánaðarlega og skal niðurstöðum þeirra skilað til skipulagsfulltrúa í kjölfar hvers fundar. Kostnaður við eftirlit með framkvæmdinni greiðist af framkvæmdaraðila.
- Verði breytingar á fyrirhugaðri framkvæmd skal tilkynna það til skipulagsfulltrúa sem metur hvort leggja þurfi fram nýja umsókn um framkvæmdaleyfi.

- Ef framkvæmd er ekki í samræmi við skilmála framkvæmdaleyfis eða verklýsingu skal leyfishafi greiða þann kostnað sem hlýst af hugsanlegum lagfæringum.
- Framkvæmdaraðili skal upplýsa verktaka á hans vegum um umhverfislega ábyrgð og skilyrði framkvæmdaleyfis þessa.
- Umsókn ásamt fylgiskjöllum og umsögnum er hluti af leyfi þessu.

Frankvæmdaleyfið gildir til 31. desember 2025

Dalvík, 30. maí 2024



María Markúsdóttir
Skipulagsfulltrúi

Gjöld vegna leyfisins eru samkvæmt Gjaldskrá byggingarfulltrúa Dalvíkurbyggðar nr. 1580/2022.

PRENTAÐ: 5.12.2023 13:13:01



SKÝRINGAR:
- - - STRENGLEIÐ OG TENGIHOLA
● LANDAMERKI

Í VINNSLU
VISTAÐ: 12/5/2023 - kl. 13:06
PRENTAÐ: 5/7/2025 - kl. 19:08

STJ.	DAÐI	SKÝRINGAR	SKISSA	SPR.	LIÐAR.
01	01.12.2023	Í VINNSLU		KD	D60 05

LANDSNET

MANNVIT
 Útgarðar 6 203 Kópavogur Sími 422 3000 Fax 422 3001
 www.mannvit.is mannvit@mennvit.is KÍ 430172-0199

SMÍÐ: LAURRÁRSTYR F.R. MANNVIT (M/R/12-07)

NET/VIRKI			TENGIVIRKI	
STRENGLEIÐ 66 kV			DALVÍKURLÍNA 2	
YFIRLITSMYND 2/4				
FRÁLITSDÁTA	SKALA	STAND		
01.12.2023	1:25000	A3		
SEINSLIÐUR	VERULIT	TEKINGILÍÑUR	ÚTGERA	
5.663.233	DA2	CDR-1002	Ú1	

Útgerðir: Mannvit & Landsnet 2023. Öllum réttum er varið. Önnur notkun er bönduð.



SKÝRINGAR

- - - - - STRENGLEIÐ OG TENGIHOLA
- LANDAMERKI

Í VINNSLU
 VISTAD 12/5/2023 - kl 13:06
 PRENTAD 5/7/2025 - kl 19:08

ÚTGÁFUFRILL		
STJ	DAZI	SKYRINGAR
01	01.12.2023	Í VINNSLU

LANDSNET



MANNVIT
 Utárhvarf 6 203 Kópavogur Sími 422 3000 Fax 422 3001
 www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kf: 430172-0169

DRÖG LÖGFRÉTTINGAR F.F. MANNVIT (AFÞRÍÐ 14)

NET/VIRKI			
TENGIVIRKI DALVÍKURLÍNA 2			
NET-TEKINGAR			
STRENGLEIÐ 66 kV			
YFIRLITSMYND 3/4			
FRAMTÍÐAR 01.12.2023	MKS 1:25000	STAND	A3
SKULMÉR 5.663.233	VERKFRÍÐ DA2	TEKINGARLEIÐ CDR-1003	ÚTGÁFA 01

Minnisblað

Tilvísun: 5663233-DA2-AMO-0007

Dags: 2024.01.12

Efni: **Framkvæmdalýsing vegna lagningu Dalvíkurlínu 2**

1. Inngangur

Verkefnið er hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets, en markmið með slíkri áætlun er að hámarka afhendingaröryggi og að tryggja samfellu í endurnýjun núverandi mannvirkja í flutningskerfinu.

Í kjölfar óveðurs desember 2019, sem laskaði 31 stæðu í Dalvíkurlínu 1, var tekin ákvörðun um að flýta lagningu jarðstrengsins. Með lagningu DA2 eykst afhendingaröryggi á Dalvík með tvöfaldri tengingu við meginflutningskerfið. Þá styður framkvæmdin við atvinnuuppbyggingu á svæðinu

Sem hluti af þeirri uppbyggingu áformar Landsnet að leggja 66 kV jarðstreng, Dalvíkurlínu 2 (DA2) á milli tengivirkis Landsnet á Rangárvöllum við Akureyri og tengivirkis Landsnets við Dalvík (á Höfðanum, sunnan Svarfaðardalsár).

Fyrirhuguð lagnaleið DA2 er sýnd á Mynd 1 og auðkennd með blárrí brotalínu.

Helstu ár/tjarnir sem þveraðar verða á strengleiðinni eru:

- Hrappsstaðaá
- Hörgá
- Staðará
- Prastarhólsá
- Hofsa
- Reistará
- Þorvaldsdalsá
- Hálsa



Mynd 1. Fyrirhuguð lagnaleið Dalvíkurlínu 2.

Ætlunin er að þvera ofangreindar ár, að undanskilinni Hörgá, með því að grafa skurð í árbotninn og leggja ídráttarrör sem strengirnir verða dregnir í gegn.

2. Staðhættir á strengleið

Almennt hefur verið leitast við að hafa strengleiðir vel innan girðinga og fjarri eldri skurðuppgrefti til að auðvelda framkvæmd verksins. Við það eru strenglagnirnar komnar lengra inná lönd bænda og landeigenda og eykur það kröfur um góða umgengni á athafnasvæði og að góð samskipti séu milli aðila.

2.1 Dalvíkurlína (DA2)

Hér fyrir neðan er stutt lýsing strengleiða.


Rangárvellir – Hörgá

Fyrirhuguð lagnaleið DA2 frá tengivirkinu á Rangárvöllum á Akureyri liggur í norðvesturhorni tengivirkislóðarinnar og þaðan til norðvesturs. Leiðin liggur vestast í landi Mýrarlóns um gróna haga. Strengleiðin sveigir í vestur rétt norðan við bæinn Mýrarlón og sveigir síðan aftur í norður áður en komið er að gatnamótum Hlíðavegar og Lónsvegar en þá fylgir strengleiðin Hlíðarvegi að austan verðu. Í landi Hraukbæjarkots er sveigt til austurs meðfram landamörkum og þeim fylgt að Þjóðvegi 1. Frá gatnamótum Hlíðarvegar og Þjóðvegar nr. 1 liggur strengleiðin til norðurs, vestan vegar, aðallega í túnum. Strengurinn þverar Hringveginn rétt norðan við afleggjarann að Hlíðabæ (stöð 7275) og fylgir síðan Hringveginum að austanverðu. Áður en komið er að afleggja við Ólafsfjarðarveg (82) við Moldhaugaháls sveigir strengleiðin af leið og liggur í landi Djúpárbakka austan við Ólafsfjarðarveg (82) og að Hörgá. Gert er ráð fyrir að þvera Hörgá með því að leggja strengina á brúarvæng gömlu brúarinnar yfir Hörgá en brúin er mest notuð sem reiðleið í dag.



Mynd 2. Lagnaleið DA2 yfir Hörgá, gamla brúin notið sem lagnaleið fyrir strenginn.

Gert er ráð fyrir að festa strengstiga á gömlu brúnna sem þverar Hörgá, og nota sem lagnaleið fyrir DA2. Á strengstigann verður ídráttarrörum komið fyrir sem mynda príhyrningsform, sjá mynd 3 hér að neðan. Strengirnir verða síðan dregnir í gegnum ídráttarrörin þegar kemur að útlögn strengjanna.



Mynd 3. Dæmigerður frágangur á stiga á brúarvæng og ídráttarrörum sem gætu hentað fyrir DA2.

Hörgá - Krossar

Norðan árinna liggur strengurinn meðfram Ólafsfjarðarvegi að austanverðu allt að Fagraskógi þar sem strengurinn þverar veginn (stöð 24280) og liggur þá að vestanverðu í landi Hillna. Strengleiðin þverar Ólafsfjarðarveg til austurs rétt áður en komið er inn að afleggjara að bænum Syðri-Haga (stöð 27875) og liggur þannig meðfram Ólafsfjarðarvegi þangað til komið er að Krossum en þá þverar strengurinn aftur Ólafsfjarðarveg (34760) þá til vesturs.

Á þessari lagnaleið þverar strengurinn Bakkaveg (812) við gatnamótin við Ólafsfjarðarveg (stöð 15830) og Hjaltareyrvog (811) við gatnamótin við Ólafsfjarðarveg (stöð 21045).

Krossar – tengivirki Landsnet við Dalvík

Fyrirhuguð lagnaleið DA2 liggur sunnan og vestan við Ólafsfjarðarveg frá því strengurinn þverar Ólafsfjarðarveg við Krossa (stöð 34760) og að mörkum Svarfaðardalsár og Hrísatjörn. Strengurinn þverar síðan Ólafsfjarðarveg við suðurenda Hrísatjarnar (stöð 41375) og verður lagður norðan og austan megin við Ólafsfjarðarveg þangað til komið er að tengivirki Landsnets.

Á þessari lagnaleið þverar strengurinn Hauganesveg (809) við gatnamótin við Ólafsfjarðarveg (stöð 31815), Árskógsandsvegur (808) við gatnamótin við Ólafsfjarðarveg (stöð 32805) og Skíðadalsveg (807) við gatnamótin við Ólafsfjarðarveg (stöð 41010).

3. Lýsing á framkvæmd


Framkvæmdinni er skipt upp í tvö verkáfangi (LOT 1 og LOT 2) sem báðir koma til framkvæmda vor 2024 um leið og veður leyfir og að því gefnu að öll tilskilin leyfi hafi verið veitt. Gert er ráð fyrir að framkvæmdinni ljúki með lokafrágangi haust 2025.

- LOT 1 lagnaáfanginn, sem er um 22 km langur, liggur á milli tengivirki Landsnets við Rangárvelli að tengiholu við Skriðuland (rétt norðan við gatnamót Ólafsfjarðarvegur nr. 82 og Hjalteyrarvegur nr. 811). Þessi lagnaáfangi liggur í gegnum tvö sveitarfélög þ.e. Akureyri og Hörgársveit.
- LOT 2 lagnaáfanginn er um 20 km og verður jarðstrengurinn lagður á milli tengiholu við Skriðuland (rétt norðan við gatnamót Ólafsfjarðarvegur nr. 82 og Hjalteyrarvegur nr. 811) að tengivirki Landsnets við Dalvík. Þessi lagnaáfangi liggur í gegnum tvö sveitarfélög þ.e. Hörgársveit og Dalvíkurbyggð.

Gert er ráð fyrir að verktaki, háð veðurfari, hefjist handa næsta vor undirbúningsvinnu við þveranir á árfarvegum og þverun á vegum, þ.e. múlun eða borun. Í kjölfarið mun verktaki byrja á að grafa lagnaskurði og tengiholur og í framhaldi verða strengirnir dregnir út hver fyrir sig síðan lagðir í þríhyrningshnoppi í skurðinn og sandað yfir. Gengið verður frá hlífðar- og aðvörunarborðum ásamt því að leggja út fjarskiptarör og síðan gengið frá yfirfyllingu.

Reiknað er með að jarðvinna og lagning jarðstrengja verði lokið haust 2025.


Dæmigert skurðsnið er sýnt á Mynd 4.




Mynd 4. Dæmigert skurðsnið DA2 í lausum jarðvegi.

Leitast verður við að samræma vinnu jarðvinnuverktaka og tengiverktaka þannig að þegar sá fyrirnefndi hefur lokið við útdrátt og jarðvinnu verði hægt að hefjast handa við samtengingu strengja í viðkomandi tengiholum.

Lögð er rík áhersla á að lágmarka allt yfirborðsrask á framkvæmdasvæðum og endurnýta eins og kostur er núverandi gróður og jarðveg við yfirborðsfrágang. Verkinu verður skilað þannig að útlit gróðursvæða verði sem næst því sem var þegar verkið hófst.



Mynd 5. Dæmigerð vegþverun aðalvegur - Kennisnið.



Mynd 6 Dæmigerð vegþverun aðalvegur - Langsnið

Þveranir á aðalvegum verða gerðar með múlun eða borun og án þess að rjúfa yfirborð vega. Dæmigert fyrirkomulag þessarar þverunar er sýnt á mynd 5 og 6.

Þverun heimreiða að bæjum og öðrum slóðum með óbundnu yfirborði verður grafið, borað eða múlað eftir atvikum og nánara samráði við verktaka. Verktaki skal haga vinnu sinni með þeim hætti að þverun vega taki sem stystan tíma í framkvæmd og tímasetningar skulu ákveðnar í samráði við umsjónarmann verkkaupa og hagaðila.

4. Samræming lagnaleiða

Tekið verður tillit til annarra lagna sem liggja í eða við lagnaleið DA2. Verktaka verður afhentur þveranalísi en þar eru upplýsingar um eðli og tegund þverana, s.s. vegur, skurður, girðing, vatnsveita, hitaveita, ljósleiðarastrengur og raflagnir að finna ásamt upplýsingum um viðkomandi eiganda. Þessar upplýsingar eru þó ekki tæmandi og mun verktaki, áður en vinna hefst, kynna sér rækilega hvaða lögnum má búast við á leiðinni, útvega sér teikningar og fá aðila frá viðkomandi veitufyrirtækjum til að staðsetja lagnirnar og merkja staðsetningu þeirra eins og hægt er, svo að unnt sé að varast þær. Þar sem ástæða er til þarf að finna lagnir með greftri áður en þær eru þveraðar.

Rafstrengir verða teknir úr rekstri í skamman tíma ef mögulegt er í tengslum við þverun þeirra og mun verktaki gera viðeigandi veitustofnun viðvart um vinnu við þverun með a.m.k. 4 vikna fyrirvara. Ef ekki er unnt að taka háspennustreng úr rekstri við þverun skal spennuvörður hlutaðeigandi veitustofnunar vera viðstaddur.

Öll vinna í grennd við vegi, háspennulínur og jarðstrengi verður unnið í samráði við eigendur viðkomandi mannvirkja.

Verktaki mun leitast við að framkvæmdin valdi ekki aukinni hættu fyrir vegfarendur og sem minnstri truflun á umferð um vegi. Þetta á sérstaklega við um vinnu við þveranir á Þjóðvegi nr. 1 og Ólafsfjarðarvegi. Hér að neðan er listi yfir helstu vegþveranir.

Tegund þverunar	Stöð	Athugasemd
Vegslóð	215	Malarvegur eða göngu-/reiðstígur
Vegslóð	1325	Traktorsslóð
Vegslóð	1420	Traktorsslóð
Vegur	1745	Malarvegur við Mýrarlón
Vegur	2080	Lónsvegur, malarvegur
Vegslóð	3275	Traktorsslóð
Vegur	4925	Hlíðarvegur, malarvegur
Heimkeyrsla	5195	Mið-Samtún, malarvegur
Heimkeyrsla	5520	Steinkot, malarvegur
Heimkeyrsla	5650	Syðri-Brennihóll, malarvegur
Heimkeyrsla	6030	Ytri-Brennihóll, malarvegur
Heimkeyrsla	6185	Einarsstaðir, klæðing
Heimkeyrsla	6490	Sílastaðir, klæðing
Heimkeyrsla	7015	Garðshornsvegur, malarvegur
Aðalvegur	7275	Þjóðvegur 1.
Vegslóð	8295	Vegslóð/traktorsslóð
Vegslóð	8455	Vegslóð/traktorsslóð
Heimkeyrsla	9380	Stórhæð/Tréstaðir, klæðing
Aðalvegur	11560	Dagverðareyjarvegur, klæðing
Reiðvegur	11605	Reiðvegur við Hörgárbrú
Brú	11645-11705	Brúarþverun Hörgá
Vegslóð	12685	Traktorsslóð
Vegslóð	13045	Traktorsslóð
Heimkeyrsla	15490	Hof 2, ljósastaur í strengleiðinni, malarvegur
Heimkeyrsla	15605	Hof 1, malarvegur
Vegur	15830	Bakkavegur, klæðing
Vegslóð	17250	Traktorsslóð
Vegur	18470	Malarvegur
Vegur	21045	Hjalteyjarvegur, klæðing
Heimkeyrsla	23150	Arnarnes, malarvegur
Vegslóð	23575	Traktorsslóð
Vegur	24280	Ólafsfjarðarvegur
Vegslóð	25615	Traktorsslóð

Aðalvegur	27875	Ólafsfjarðarvegur.
Heimkeyrsla	28050	Syðri Hagi, malarvegur
Vegslóð	28245	Traktorsslóð
Heimkeyrsla	28885	Ytri-Víkurvegur, malarvegur
Heimkeyrsla	29415	Selárbakki, malarvegur
Vegslóð	30865	Traktorsslóð
Vegslóð	31355	Malarvegur
Aðalvegur	31815	Hauganesvegur, klæðing
Heimkeyrsla	32205	Melbrún, klæðing/malbik
Árfarvegur	32325	Þorvaldsdalsá, breidd: 20 m (bakki í bakka). Líklega klöpp
Vegslóð	32415	Líklega ekki þörf á neinum sértækum aðgerðum, malarvegur
Aðalvegur	32805	Árskógssandsvegur, klæðing
Heimkeyrsla	34480	Hella land sumarhús, malarvegur
Heimkeyrsla	34675	Hella, malarvegur
Aðalvegur	34760	Ólafsfjarðarvegur, klæðing
Vegslóð	37890	Vegur að vatnstönkum, malarvegur
Vegur	38600	Áningarstaður, klæðing
Vegur	38645	Áningarstaður, klæðing
Vegslóð	38885	Malarvegur
Árfarvegur	39210	Hálsá, breidd: 26 m (bakki í bakka). Líklega malarbotn
Heimkeyrsla	39575	Að sumarhúsum, malarvegur
Heimkeyrsla	40260	Að sumarhúsabyggð, malarvegur
Vegur	41010	Skíðadalsvegur, klæðing
Aðalvegur	41375	Ólafsfjarðavegur
Heimkeyrsla	41740	Aðkoma að Höfða og fuglaskoðunarsvæði, klæðing

Mynd 7. Vegþveranir.

Samráð verður haft við viðkomandi yfirvöld, lögreglu og Vegagerðina, vegna merkinga á þeim stöðum sem almennrar umferðar gætir.

Virðingarfyllt

Sigurður Sigurjónsson

Steinþór Traustason

Afrit: Friðrika Marteinsdóttir

Dalvíkurbyggð
V.t. Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir sveitarstjóri og
María Markúsdóttir Skipulagsfulltrúi
Ráðhúsi
620 Dalvík

16.01.2024
2021-06-65

Efni: Umsókn Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi Dalvíkurlínu 2

Landsnet hf., kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, óskar með bréfi þessu eftir að fá útgefið framkvæmdaleyfi Dalvíkurbyggðar fyrir Dalvíkurlínu 2, 66 kV jarðstreng, að uppfylltum skilyrðum skipulagslaga, nr. 123/2010, þar að lútandi.

1. Umsókn um framkvæmdaleyfi

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, sbr. og 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012, fyrir framkvæmdinni Dalvíkurlína 2, 66 kV jarðstrengur.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.16 í 1. viðauka laganna. Álit Skipulagsstofnunar, dags. 16.12.2022, var að fyrirhuguð framkvæmd væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 með síðari breytingu sem auglýst var 9. febrúar 2023 og bíður nú staðfestingar.

Þar sem ráðgert er að hefja framkvæmdir við Dalvíkurlínu 2 vor 2024 er þess óskað að umsókn þessi verði tekin til meðferðar eins fljótt og kostur er.

Meðfylgjandi eru gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknarinnar, sbr. sérstaklega 2. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012. Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis, júní 2020, sem er aðalþáttur gagnanna, er tekin saman af verkfræðistofunni Mannvit f.h. Landsnets hf. Er vísað til hennar um frekari skýringar og lýsingar á framkvæmdinni og er greinargerðin hluti þessarar umsóknar Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi.

2. Framkvæmdaraðili

Samkvæmt 2. gr. laga um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004, hefur fyrirtækið það hlutverk að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003. Landsnet hf. ber ábyrgð á rekstri og kerfisstjórnun raforkukerfisins á Íslandi, sbr. sérstaklega 8. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki og skal það byggja upp flutningskerfi raforku á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sbr. sérstaklega 9. gr. laganna.

3. Framkvæmdin

Dalvíkurlína 2 (DA2) er 66 kV jarðstrengur, milli tengivirkis Landsnets á Rangárvöllum við Akureyri og tengivirkis við Dalvík, alls um 42 km.

Verkefnið er hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets, en markmið með slíkri áætlun er að hámarka afhendingaröryggi og að tryggja samfellu í endurnýjun núverandi mannvirkja í flutningskerfinu.

Gert er ráð fyrir að jarðvinnuframkvæmdir taki tvö sumur. Framkvæmdinni er skipt upp í tvo verkhluta (LOT 1 og LOT 2). Hafist verður handa við báða verkáfangana vor 2024 og er stefnt að því að meginframkvæmdum ljúki haust 2025. Lokayfirborðsfrágangur og umhverfisúttekt með fulltrúum sveitarfélagsins er fyrirhuguð sumar/haust 2026.

3. Aðrir leyfisveitendur

Á hönnunartíma framkvæmdarinnar hefur m.a. verið haft samráð við Vegagerðina og sérfræðinga Hafrannsóknarstofu varðandi vinnu við veiðiár. Formlegar leyfisumsóknir til Vegagerðarinnar og Fiskistofu verða sendar samhliða þessari umsókn. Leyfisumsókn til Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan Friðlands í Svarfaðardal, verður send þegar nánari útfærsla verktaka, á verklagi til að lágmarka umhverfisáhrif þar, liggur fyrir.

Samningar við landeigendur í Dalvíkurbyggð að þremur undanskildum liggja fyrir. Unnið er að ljúka samningum við landeigendur samhliða meðferð sveitarfélagsins á umsókn um framkvæmdaleyfi.

4. Niðurlag

Líkt og að framan er rakið er ætlunin að hefja vinnu við framkvæmdina vor 2024. Er því óskað eftir því að framkvæmdaleyfi vegna Dalvíkurlínu 2 verði veitt við fyrsta tækifæri að uppfylltum skilyrðum skipulagslaga.

Vísað er til meðfylgjandi greinargerðar og gagna sem henni fylgja. Ef óskað er frekari upplýsinga eða aðstoðar þá vinsamlegast hafið samband við Friðriku Marteinsdóttur verkefnisstjóra s. 6601530 og netfang fridrikam@landsnet.is.

Eftirfarandi gögn fylgja með umsókninni.

- Framkvæmdalýsing
- Kort af fyrirhugaðri strenglegu

Virðingarfyllt



Friðriku Marteinsdóttir
Verkefnastjóri



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Friðrika Marteinsdóttir
Verkefnastjóri
Landsnet

Akureyri, 6. febrúar 2024
MÍ202401-0155/ 6.10 / S.G.

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Dalvíkurlína 2 – mótvægisáðgerðir í kjölfar fornleifaskráningar.

Með tölvupósti sendum þann 26 janúar sl. óskaði Friðrika Marteinsdóttir verkefnastjóri hjá Landsneti eftir umsögn Minjastofnunar um strengleið Dalvíkurlínu 2.

Fornleifaskráning hefur farið fram á framkvæmdasvæðinu, alls fjórar skýrslur.

- Bjarni F. Einarsson 2022 *Fornleifaskráning í Eyjafjarðarsýslu vegna lagningu rafstrengs frá Dalvík að Akureyri Skýrsla 1.* Fornleifafræðistofan
- Bjarni F. Einarsson 2022 *Fornleifaskráning í Eyjafjarðarsýslu vegna lagningu rafstrengs frá Dalvík að Akureyri Skýrsla 2.* Fornleifafræðistofan
- Bjarni F. Einarsson 2023 *Fornleifaskráning vegna breytinga á línuleið Dalvíkurlínu 2* Fornleifafræðistofan
- Bjarni F. Einarsson 2023 *Fornleifaskráning vegna breytinga á línuleið Dalvíkurlínu 2 í landi Djúpárþakka og Tréstaða.* Fornleifafræðistofan

Hluti strengleiðarinnar hafði verið skráður áður af Hákonni Jenssyni vegna verkefnis fyrir RARIK, sjá Hákon Jensson 2021 *Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð, frá Hálsi til Stærri-Árskógs á Árskógsströnd.* Búnaðarsamband Eyjafjarðar Rannsóknarskýrslur 2021/2

Hér á eftir verður fjallað um fornleifar þar sem Minjastofnun telur að grípa þurfi til mótvægisáðgerða vegna lagningar Dalvíkurlínu 2.

Garður (nr. 8) Minjastofnun telur að fá þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð þvert í gegnum garðinn til að reyna að komast að byggingarlag hans og aldri.

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Garður (nr. 6) Minjastofnun telur að þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð þvert í gegnum garðinn til að reyna að komast að byggingarlag hans og aldri.

Garður (nr. 3 (registerpunktur 4)) Minjastofnun telur að þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð þvert í gegnum garðinn til að reyna að komast að byggingarlag hans og aldri.

Garður (nr. 1) Minjastofnun telur að þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð þvert í gegnum garðinn til að reyna að komast að byggingarlag hans og aldri.

Í skýrslu Hákonar, send hér með í viðhengi, eru skráðar 2 tóftir. **2672-09 og 10.** Minjastofnun Íslands telur að þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurði í rústirnar til að reyna að komast að hlutverki þeirra, byggingarlagi og aldri. Niðurstöður slíkrar rannsóknar kunna að leiða til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á rústunum

Í sömu skráningu eru skráð tvö garðlög **2672-08 og 05.** Minjastofnun telur að þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð þvert í gegnum garðinn til að reyna að komast að byggingarlag hans og aldri.

Minjar 7, 12 og 13 í Hörgársveit skráðar í skýrslu Fornleifafræðistofunnar. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi rústirnar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

MÍ_15.5.2024_staðfesting á fornminjarannsóknum

Til : Friðrika Marteinsdóttir <fridrikam@landsnet.is>
Frá : Sædís Gunnarsdóttir <saedis@minjastofnun.is>
CC : María Markúsdóttir <mariam@dalvikurbyggd.is>
Heiti : MÍ_15.5.2024_staðfesting á fornminjarannsóknum
Málsnúmer : 202309083
Málsaðili : Landsnet hf.
Skráð dags : 15.05.2024 00:00:00
Höfundur : Sædís Gunnarsdóttir <saedis@minjastofnun.is>
Viðhengi [image002.png](#)
[image001.png](#)

Góðan daginn

Minjastofnun hefur borist skýrsla Bjarna F Einarssonar um lok vettvangsrannsóknar vegna mótvægisáðgerða fyrir Dalvíkurlínu 2.

Þar segir: „Rannsóknirnar voru gerðar að kröfu Minjastofnunar Íslands. Kanna átti aldur garðanna sem rannsakaðir voru og kanna tvær rústir með tilliti til aldurs og hvort eldri minjar fyndust undir þeim. Þrír garðar virðast fornir, ein meint rúst reyndist náttúruleg og undir annarri ungri rúst fundust engar eldri minjar.“

Búið er að ná gögnum varðandi aldur og gerð garðlaganna. Gera átti skurð í gegnum 2 tóftir, önnur þeirra reyndist náttúruleg. Hin var ekki forn, líklega hesthús miðað við frásögn heimildarmanns, og ekki fundust eldri minjar undir henni.

Búið er því að vinna þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun fór frammá og ekki verður gerð krafa um frekari rannsóknir vegna þessarar framkvæmdar.

Allrabestu kveðjur

Sædís



Minjastofnun
Íslands

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

Sædís Gunnarsdóttir

Minjavörður Norðurlands eystra / Cultural Heritage Manager for Northeast Iceland

Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Islands kulturarvssstyrelse

Suðurgata 39 | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701300

Borgum v/Norðurslóð | 600 Akureyri | Sími/Tel. 570 1315 | Farsími/Mobile 832 1700

saedis@minjastofnun.is / www.minjastofnun.is



Landsnet

Gylfaflöt
112 Reykjavík

Dalvíkurlína 2, leyfi

Vegagerðin hefur mótttekið umsókn vegna leiðslu á vegsvæði frá Landsnet þar sem óskað er eftir leyfi fyrir jarðstreng undir/meðfram vegum, sjá meðfylgjandi gögn og merkjaplan.

Framkvæmd

Hringvegur (1-p5); meðfram að norðan/austan á milli ca st. 340-2960
Hringvegur (1-p5); undir í ca st. 2960
Hringvegur (1-p5); meðfram að vestan á milli ca st. 2960-2990
Hringvegur (1-p6); meðfram að vestan á milli ca st. 0-2500
Garðshornsvegur (8274-01); undir í ca st. 20
Sílastaðavegur (8276-01); undir í ca st. 20
Einarsstaðavegur (8279-01); undir í ca st. 20
Ytri-Brennihólsvegur (8280-01); undir í ca st. 20
Syðri-Brennihólsvegur (8281-01); undir í ca st. 20
Steinkotsvegur (8282-01); undir í ca st. 20
Mið-Samtúnsvegur (8284-01); undir í ca st. 20
Hlíðarvegur (818-01); undir í ca st. 20
Ólafsfjarðarvegur (82-01); meðfram að austan á milli ca st. 120-440, 880-1110, 1600-10860
Ólafsfjarðarvegur (82-02); meðfram að austan á milli ca st. 0-3220, 6780-10710
Ólafsfjarðarvegur (82-02); undir í ca st. 3220, 6780
Ólafsfjarðarvegur (82-02); meðfram að vestan á milli ca st. 4100-5660, 6400-6780
Ólafsfjarðarvegur (82-03); meðfram að austan á milli ca st. 0-2900, 9480-10100
Ólafsfjarðarvegur (82-03); undir í ca st. 2900, 9480
Ólafsfjarðarvegur (82-03); meðfram að sunnan á milli ca st. 2900-3400, 4400-9480
Dagverðareyjarvegur (816-01); undir í ca st. 10200
Bakkavegur (812-01); undir í ca st. 25
Hjalteyjarvegur (811-01); undir í ca st. 20
Arnarnesvegur (8138-01); undir í ca st. 20
Syðri-Hagavegur (8134-01); undir í ca st. 25
Ytri-Víkurvegur (8133-01); undir í ca st. 35
Hauganesvegur (809-01); undir í ca st. 30
Árskógssandsvegur (808-01); undir í ca st. 35
Skiðadalsvegur (807-01); undir í ca st. 25

Síða 1/3

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Áætlaður verktími er vor 2024 – haust/vetur 2025

Heimild Vegagerðarinnar

Vegagerðin heimilar legu lagnarinnar í samræmi við umsókn dags 17.01.2024 með eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfi er veitt með fyrirvara um að skilað verði inn merkingaráætlun til Vegagerðarinnar til samþykktar áður en framkvæmdir hefjast. Óleyfilegt er að hefja framkvæmdir áður.**
- Lögnina skal hvergi leggja nær vegi en í a.m.k. 6 m fjarlægð frá vegöxl, þó ætíð utan við fláafót. Öll tengivirki ofanjarðar skulu vera í a.m.k. 15 m fjarlægð frá tengivegum og 30 m frá stofnvegum.
- Þar sem þvera þarf vegi skal alltaf bora eða múla undir veg og lögnin skal dýpi vera skv. meðfylgjandi verklýsingu. Ef óskað er eftir að grafa í sundur vegtengingu með óbundnu slitlagi þarf að gera það í samráði við Vegagerðina.
- Verkkaupi og eða verktaki skulu hafa starfsmenn sem hafa gilt námskeið í merkingu vinnusvæða.
- Af gefnu tilefni skal bent á það að áður en undirbúningur verks, aðflutningur tækja á athafnasvæði og vinna hefst skal vera búið að merkja athafnasvæðið. Skal sú merking vera eftir því merkjaþlani er liggur til grundvallar heimildar sem lagnareigandi fékk til framkvæmdar á vegsvæði. Jafnframt skal á það bent að aðföng til verksins skal ekki lagera innan öryggissvæðis vegarins án leyfis Vegagerðarinnar og merkingaráætlun skal þá skilað.
- Þeir sem vinna á eða við veg skulu vera með öryggisbúnað/fatnað í samræmi við kröfur og reglur, en mjög óhrein vinnufatnaður er ófullnægjandi.

Vegagerðin minnir á að verktaki skal gera viðhlítandi öryggisráðstafanir á vinnustað í samræmi við reglur Vinnueftirlits ríkisins og reglugerðir s.s. lög nr. 46/1980 og 547/1996.

Um leiðsluna gilda „Reglur um leiðslur á vegsvæði“ sbr. bls. 2 á umsóknarblaði með þeim skilyrðum sem þar koma fram og með eftirfarandi öðrum skilyrðum:

- Vegsnið og umhverfi vegarins skal halda sér. Skila skal vegsvæðinu í jafngóðu ástandi og það var í áður, þar með talið vegyfirborði, vegöxlum, vegfláum og vegrásum sem og öðru innan vegsvæðis. Gerð er krafa um að lagnaeigandi, beri ábyrgð á verkinu í tvö ár. Komi fram sig eða skemmdir á vegyfirborði láti lagnaeigandi lagfæra það á sinn kostnað.
- Merkingar skulu vera í samræmi við reglur Vegagerðarinnar og skal haft samráð við Vegagerðina varðandi merkingar. Skila skal inn merkjaþlani til Vegagerðarinnar áður en verk hefst. Lagfæra skal merkingar innan 2 klst. eftir að kvörtun kemur frá Vegagerðinni eða lögreglu um að merkingar séu ekki í lagi. Vegagerðin getur stöðvað vinnu ef að merkingar eru ófullnægjandi eða hættulegar aðstæður skapast. Vegagerðin getur beitt févítum í samræmi við Reglur um vinnusvæðamerkingar.
- Leiðslueigandi skal gæta ýtrustu varkárni í grennd við aðrar lagnir er kunna að vera á vinnusvæðinu og skal í einu og öllu fara eftir þeim ákvæðum sem um þær gilda.
- Leiðslueigandi skal kynna sér rækilega legu lagna sem kunna að vera á eða við vinnusvæðið, áður en framkvæmdir hefjast.
- Vegagerðin er ekki ábyrg fyrir tjóni sem þriðji aðili kynni að valda eða verða fyrir af völdum umræddra framkvæmda.

- Að framkvæmd lokinni skal frágangur vegsvæðis tekinn út af eftirlitsmanni Vegagerðarinnar. Sé frágangi ábótavant skal hann lagaður samkvæmt tilmælum eftirlits.
- Framkvæmdir á vegsvæði Vegagerðarinnar við lögnina skulu taka eins stuttan tíma og unnt er, frá byrjun framkvæmda á vegsvæði að lokun endanlegs frágangs.
- Tryggja þarf að ekki komi upp óþarfa tafir og lágmarka þar með óþægindi vegfarenda og á sama tíma verður að gæta fyllsta öryggis allra í hvívetna.
- Verði skemmdir á vegi eða vegbúnaði vegna framkvæmdanna þarf leyfishafi að lagfæra það í samráði við Vegagerðina.
- Verði skemmdir á vegi eða vegbúnaði vegna framkvæmdanna þannig að hætta skapist af eða viðgerð sé ekki fullnægjandi getur Vegagerðin gert lagfæringar á kostnað leyfishafa. Sama á við um óhreinindi á vegi vegna framkvæmdanna.
- Merkja þarf staðsetningu lagna með hælum, sérstaklega þegar farið er nálægt vegi eða lögn þverar veg.
- Hafa skal samband við Vegagerðina áður en farið verður í framkvæmd þessa og skal ekki hefja verkið án samráðs við eftirlit Vegagerðarinnar. Ef breyta þarf verklagi eða lagnaleið, frá útgefnu leyfi, skal gera það í samráði við Vegagerðina. Eftirlitsmaður frá Vegagerðinni mun hafa eftirlit með verkinu af hálfu Vegagerðarinnar og skal haft samband við tengilið verkstjóra á Akureyri í síma 522-1863.

Síða 3/3

Krafa er um að umsækjandi kynni sér „Reglur um leiðslur á vegsvæðum“, sjá á slóð <http://www.vegagerdin.is/thjonusta/leidslur-a-vegsvaedi/>.

Þegar taka þarf niður umferðarhraða eða loka vegum, sem er hámark 10 mínútur í senn, þá er gerð krafa um merkingar og fara skal eftir reglum um vinnusvæðamerkingar sem finna má á slóðinni: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar/>

Ef leiðslueigandi telur ekki unnt að vinna verkið skv. skilyrðum þessum, skal haft samráð við verkstjóra á Akureyri varðandi aðrar lausnir.

Vegagerðin

Athygli er vakin á að veghelgunarsvæði getur náð inn á land sveitarfélags og land í einkaeigu. Því er bent er á að það er á ábyrgð framkvæmdaraðila að fá önnur leyfi fyrir lögnum t.d. frá sveitarfélögum, landeigendum og öðrum sem við á hverju sinni.

Vegagerðin ítrekar að farið verði eftir skilyrðum þeim sem tekin eru fram í bréfinu!

Gildistími leyfis er áætlaður verktími, þ.e. vor 2024 til hausts 2025.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Magnús Björnsson

Undirskrift

COWI
Urðarhvarf 6
203 Kópavogur

Reykjavík, 23. maí 2024
UST202404-197/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn COWI, dagsett, 16. apríl 2024, um leyfi til framkvæmda innan friðlands Svarfdæla.

Friðland Svarfdæla er friðlýst sbr. auglýsing nr. 443/1980. Bannað er að breyta landslagi á svæðinu eða farvegi Svarfaðardalsár. Óheimilt er að gera nokkur mannvirki á svæðinu. Gildir þetta um hvers konar byggingar, skurði og vegi. Til undanþágu þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til lagningu 66 kV jarðstrengs um friðlandið. Kort sem sýnir leiðina sem yrði farin fylgdi með umsókninni. Lagnaleiðinn myndi liggja vestan megin Ólafsfjarðarvegar á talsvert blautu svæði í friðlandi Svarfdæla. Áður en komið yrði að Svarfaðardalsá myndi leiðin þvera Ólafsfjarðarveg og lægi því næst í gamalli vegslóð austan megin við veginn. Leiðin lægi áfram nálægt Ólafsfjarðarvegi að afleggjara að tengivirki Landsnets við Dalvík en þar myndi hún liggja meðfram afleggjaranum að tengivirkinu. Jarðstrengurinn verður grafinn niður í um 1 m djúpan skurð með um 0,8 m botnbreidd. og verður strengurinn lagður í sérstakan varmaleiðandi strengjasand. Ídráttarrör fyrir ljósleiðara verður einnig lagt meðfram strengnum. Frá gatnamótum við Tunguveg og að þverun Ólafsfjarðarvegar lægi strengleiðin um talsvert blautt svæði. Fyrirhugað er að strenglöggn á þessum kafla verði framkvæmd eftir aðstæðum þegar vatnsstaða er lág eða þegar svæðið er frosið. Lagður verður lágmarksslóði meðfram skurðbakkanum þar sem þörf krefur. Jarðdúkur verður lagður undir slóðann til að lágmarka rask og fyrirhugað er að leggja þartilgerðar plastplötur yfir slóðann. Skurðurinn verður svo grafinn og PE Ídráttarrör lögð í hann. Skurðinum verður því næst lokað með uppgröfnu efni, allt efni í slóða fjarlæggt og gengið frá yfirborði í samræmi við umhverfi með uppgröfnu efni (svarðlagi þar sem hægt er). Vorið eftir yrði raskið metið og viðbótaraðgerðir framkvæmdar þar sem þörf þykir til að lágmarka það rask sem framkvæmdin hefur í för með sér. Við Svarfaðardalsá yrði Ólafsfjarðarvegur þveraður á svipuðu tímabili með því að bora undir veginn eða reka ídráttarrör undir hann. Miðað er við að unnið sé frá tengislóða sem þegar er til staðar fyrir norðan veginn. Frá þverun Ólafsfjarðarvegar og að tengivirki liggur leiðin að hluta á grónu landi og að hluta á eldri slóða sem fyrir er til staðar. Á þeirri leið er búist við að hægt sé að draga jarðstrenginn í opinn skurð eins og hefðbundið er. Síðan yrði fyllt í skurðinn með uppgröfnu efni eins og

hægt er og yfirborð aðlagað að núverandi landi umhverfis skurðinn. Frágangur á yfirborði yrði eins mikið með uppgröfnum efni og fyrirbyggjandi svarðlagi eins og hægt er. Áætlað er að fara í framkvæmdinar innan friðlandsins haust/vetur 2024 og kæmu 5-15 starfsmenn að henni. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til skipulagstofnunar. Í álitum skipulagsstofnunar dags. 16. desember 2022 kemur fram að niðurstaða Skipulagstofnunar sé sú að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins til lengri tíma lítið sé farið að skilyrðum leyfisins og frágangur verði góður. Reikna má með neikvæðum áhrifum á náttúrufar á framkvæmdartíma. Huga þarf sérstaklega að fuglalífi við Hrístjörn á framkvæmdartíma og mikilvægt að framkvæmdir við tjörnina fari ekki fram fyrr en eftir 1. september. Á þeim hluta svæðisins sem framkvæmdin færi fram eru ekki margir gestir og því ætti framkvæmdin að hafa óveruleg áhrif á þá.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir COWI fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu jarðstrengsins innan friðlands Svartdæla sbr. lýsingu hér að ofan 1. september 2024 - 30. apríl 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær framkvæmdin hefst innan marka friðlandsins og þegar henni lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágangur svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Óheimilt er að trufla dýralíf og skulu framkvæmdir við Hrístjörn ekki fara fram fyrr en eftir 1. september.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum og tækjum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarförnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Fiskistofu gæti þurft fyrir framkvæmdunum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Dagbjört Jónsdóttir
sérfræðingur

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Hafnarfjörður 2. febrúar 2024
Tilv. 2023-09-12-0863/2.3.1

Efni: Varðar þveranir með 66 kV jarðstreng (DA2) yfir Þorvaldsdalsá og Hálsá við Eyjafjörð

Í umsókn dagsettri 11. september 2023 leitar Landsnet hf. eftir heimild til að þveranir með 66 kV jarðstreng (DA2) yfir Þorvaldsdalsá (staður: 65.92569°, -18.3568°) og Hálsá (staður: 65.94673°, -18.4852°) við Eyjafjörð. Jafnframt verði Bægisá (staður: 65.81996°, -18.237°), Hrappsstaðaá (65.69312°, -18.1641°), Staðará (staður: 65.77219°, -18.2373°), Þrastarhólsá (staður: 65.78083°, -18.2347°) og Hofsá (staður: 65.79099°, -18.2316°) þveraðar með saman streng. Hörgá verði þveruð með því að leggja strengina á brúarvæng gömlu brúarinnar þar yfir (staður: 65.76033°, -18.2306°). Umsókninni fylgja upplýsingar um framkvæmdina, umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið og umsögn stjórnar Veiðifélaga Þorvaldsdalsár og Veiðifélags Svarfaðardalsár.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina kemur m.a. fram:

„Ef vel er staðið að framkvæmdum við lagningu strengsins, er ekki ástæða til að ætla annað en áhrif á lífríki ferskvatns verði óveruleg og líklega aðeins tíma- og staðbundin. Sú framkvæmd sem um ræðir er hluti af mikilvægum innviðum til að tryggja öruggan orkuflutning. Mikilvægt er að vandað sé til verka þar sem strengurinn þverar straumvötn á lagnaleiðinni, en hvernig staðið er að slíku hefur mikið að segja um hver möguleg áhrif framkvæmdarinnar er á lífríki í ferskvatni.“

Veiðifélag Svarfaðardalsár og Veiðifélag Þorvaldsdalsár gera ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Að teknu tilliti til umsagnar Hafrannsóknastofnunar og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði fellst Fiskistofa á að Landsnet hf. leggi 66 kV jarðstreng (DA2) undir botn Þorvaldsdalsár (staður: 65.92569°, -18.3568°) og Hálsár (staður: 65.94673°, -18.4852°) við Eyjafjörð. Jafnframt verði Bægisá (staður: 65.81996°, -18.237°), Hrappsstaðaá (65.69312°, -18.1641°), Staðará (staður: 65.77219°, -18.2373°), Þrastarhólsá (staður: 65.78083°, -18.2347°) og Hofsá (staður: 65.79099°, -18.2316°) þveraðar með saman streng. Hörgá verði þveruð með því að leggja strengina á brúarvæng gömlu brúarinnar þar yfir (staður: 65.76033°, -18.2306°).

Almennar upplýsingar um leyfið eru birtar á upplýsingaveitunni Hafsjá (fiskistofa.is).



FISKISTOFA
TRAUST · FRAMSEKNI · VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (22.200 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 1404/2022. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Fiskistofa bendir á eftirfarandi:

- *Uppfylla þarf lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum áður en framkvæmd hefst.*
- *Framkvæmdir við veiðivötn kunna að vera háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitafélags.*
- *Framkvæmdir innan friðlýstra svæða eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.*

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Hafnarfirði 15.09.2023
MFRI-2023-09-0270

Sigurður Sigurjónsson
Mannvit
Urðarhvarfi 6
203 Kópavogi

Efni: Dalvíkurlína 2 – umsögn um framkvæmdalýsingu vegna þverana árfarvega.

Verkfræðistofan Mannvit óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar (tölvupóstur 13. september 2023) um framkvæmdalýsingu vegna þverana árfarvega vegna Dalvíkurlínu 2. Landsnet áformar að leggja 66 kV jarðstreng, Dalvíkurlínu 2 (DA2) á milli tengivirkis Landsnet á Rangárvöllum við Akureyri og tengivirkis Landsnets við Dalvík. Helstu ár/tjarnir sem þveraðar verða á strengleiðinni eru:

- Hrappsstaðaá
- Hörgá
- Staðará
- Þrastarhólsá
- Hofsá
- Reistará
- Þorvaldsdalsá
- Hálsá

Ætlunin er að þvera ofangreindar ár, að undanskilinni Hörgá, með því að grafa skurð í árbotninn og leggja ídráttarrör sem strengirnir verða dregnir í gegn um. Yfir Hörgá er gert ráð fyrir að leggja strengina á brúarvæng gömlu brúarinnar. Auk Hörgár er í framkvæmdalýsingu gerð sérstaklega grein fyrir framkvæmd og frágangi þverana Þorvaldsdalsár og Hálsár, en ekki annarra tilgreindra áa. Hér er gert ráð fyrir að þveranir þeirra áa sem eru á listanum sé með sambærilegum hætti og Þorvaldsdalsár og Hálsár.

Þar sem ídráttarrör verða grafin undir ár, þarf væntanlega að gera fyrirstöðustíflur og/eða framhjáhlaup í árfarvegum á meðan á framkvæmdum í vatnsfarvegum stendur. Slíkar þveranir hafa í för með sér mun meira rask og hættu á neikvæðum áhrifum á lífríki en ef t.d. er unnt að plægja ídráttarrör í árbotn. Mikilvægt er leitast sé við að stytta framkvæmdatíma og áhrifsvæði sem mest og hafa í huga að áhrifa framkvæmda getur gætt langt út fyrir framkvæmdasvæði þegar um framkvæmdir í eða við straumvatn er að ræða.



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Umsögn

Ef vel er staðið að framkvæmdum við lagningu strengsins, er ekki ástæða til að ætla annað en áhrif á lífríki ferskvatns verði óveruleg og líklega aðeins tíma- og staðbundin. Sú framkvæmd sem um ræðir er hluti af mikilvægum innviðum til að tryggja öruggan orkuflutning. Mikilvægt er að vandað sé til verka þar sem strengurinn þverar straumvötn á lagnaleiðinni, en hvernig staðið er að slíku hefur mikið að segja um hver möguleg áhrif framkvæmdarinnar er á lífríki í ferskvatni.

Takmarka skal framkvæmdasvæðið eins og kostur er og gæta að því að frágangur raskaðra svæða sé með þeim hætti að framkvæmdum loknum að jarðefni skolist ekki í kjölfarið út í straumvatn, s.s. í úrkomu eða leysingum.

Áhöld og vélar sem notuð eru í eða við ár og vötn séu þannig að tryggt sé að óæskileg mengandi efni þ.m.t. olíur berist ekki í árvatnið.

Óhörðnuð steypa breytir sýrustigi vatns (pH gild) og er hættuleg lífríki, komist hún í beina snertingu við árvatnið. Koma skal í veg fyrir að steypa eða steypuskol leki út í árvatnið.

Mikilvægt er að framkvæmdaaðili upplýsi verktaka um umhverfislega ábyrgð og hafi eftirlit og eftirfylgni með framkvæmdum.

Rétt er að benda á að framkvæmdir í og við veiðivötn eru háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33 grein V. kafla laga um lax- og silungsveiði (nr. 61/2006 með síðari breytingum).

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Ingi R. Jónsson

María Markúsdóttir

From: Gunnar Kristinn Guðmundsson <rannug@simnet.is>
Sent: miðvikudagur, 1. febrúar 2023 14:56
To: Sigurður Sigurjónsson
Subject: Re: RI2/DA2-60 032 Lagning háspennustrengja við Svarfaðardalsá - ósk um umsögn veiðifélags Svarfaðardalsár

Stjórn Veiðifélags Svarfaðardalsáar gerir ekki athugasemdir við þessa lagna leið þar sem ekki er verið að vinna í sjálfri ánni sjáum við enga ástæðu að setja einhvern tíma ramma aðalveitími er frá 15 júlí til 1 sept Gangi ykkur vel

Fyrir hönd stjórnar

Gunnar kr. Guðmundsson

----- Upprunaleg skilaboð -----

Frá: "Sigurður Sigurjónsson" <sigsig@mannvit.is>

Til: "rannug" <rannug@simnet.is>

Cc: fridrikam@landsnet.is, "Steinþór Traustason" <stt@mannvit.is>, "Þorri Björn Gunnarsson" <tbg@mannvit.is>

Sent: Miðvikudagur, 25. Janúar, 2023 06:37:18

Efni: RI2/DA2-60 032 Lagning háspennustrengja við Svarfaðardalsá - ósk um umsögn veiðifélags Svarfaðardalsár

Sæll Gunnar!

Til samræmis við samtal okkar á mánudaginn, varðandi verkefni Landsnets við Hrísatjörn/Svarfaðardalsá og í friðlandi Svarfdæla, þ.e. lagning og þverunar háspennu jarðstrengja, sem ráð gert er ráð fyrir að komi til framkvæmda 2023 (undirbúningsframkvæmdir s.s. þverun áa og vega) og 2024 (lagning jarðstrengja og tilheyrandi jarðvinna).

Óska hér með fyrir hönd Landsnets eftir umsögn Veiðifélags Svarfaðardalsár vegna áður greindra fyrirhugaðra framkvæmda. Ykkar umsögn ásamt umsögn annarra veiðifélaga sem fyrirhuguð framkvæmd tekur til verður síðan send til Fiskistofu til frekari úrvinnslu og umsagnar.

Meðfylgjandi er minnisblað sem fjallar um fyrirhugaða staðsetningu þverunar ásamt stuttri framkvæmdalýsingu.

Framkvæmdin verður boðin út snemma árs 2023. Umsókn um framkvæmdaleyfi verður sent á skipulagsfulltrúa/umsagnaraðila viðkomandi sveitarfélaga þegar umsagnir frá hagsmunaaðilum liggja fyrir (m.a.. landeigendur, veiðifélög, Fiskistofa, Hafró, Umhverfisstofnun, Minjastofnun, sveitarfélög, Vegagerðin, Fjarskiptastofnun svo einhverjir séu nefndir)

Með fyrir fram þökk

Regards / Kveðja,
Sigurður Sigurjónsson
Rafmagnsverfræðingur M.Sc.
Electrical Engineer M.Sc.
Tel / Sími.: +354 422-3404
Mobile / GSM: +354 842-3404
[cid:image001.jpg@01D93086.CB30BC60]

https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.mannvit.is%2F&data=05%7C01%7Csig%40mannvit.is%7Cf195e14ab2274df2e02308db04647989%7Ca531603b36984d3190d4a2e44b09fe9c%7C0%7C0%7C638108601796474440%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=hpNo4NqMwIZMGTnwd3lbSdE1f9LFrwt7Rit%2FNCFvg%3D&reserved=0 /

<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.mannvit.is%2F&data=05%7C01%7Csig%40mannvit.is%7Cf195e14ab2274df2e02308db04647989%7Ca531603b36984d3190d4a2e44b09fe9c%7C0%7C0%7C638108601796474440%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=hpNo4NqMwIZMGTnwd3lbSdE1f9LFrwt7Rit%2FNCFvg%3D&reserved=0> www.mannvit.com<http://www.mannvit.com/>

Veiðifélag Þorvaldsdalsár_24.2.2023_umsögn

Til : Kjartan Gústafsson
Frá : Sigurður Sigurjónsson <sigsig@mannvit.is>
CC : Friðrika Marteinsdóttir;
Heiti : Veiðifélag Þorvaldsdalsár_24.2.2023_umsögn
Málsnúmer : 202309083
Málsaðili : Landsnet hf.
Skráð dags : 22.03.2024 00:00:00
Höfundur : Friðrika Marteinsdóttir
Viðhengi [image001.jpg](#)

Athugið að sendandi tölvupóstsins er utan Landsnets. Ekki smella á tengla eða opna viðhengi nema þú þekkir sendandann og veist að innihaldið er öruggt.

Kærar þakkir Kjartan

Regards / Kveðja,

Sigurður Sigurjónsson

Rafmagnsverkfræðingur M.Sc.

Electrical Engineer M.Sc.

Tel / Sími.: +354 422-3404

Mobile / GSM: +354 842-3404



www.mannvit.is / www.mannvit.com

From: Kjartan Gústafsson

Sent: föstudagur, 24. febrúar 2023 22:48

To: Sigurður Sigurjónsson

Subject: Þorvaldsdalsá

Veiðiféla Þorvaldsdalsá er ekki mótti framkvæmtum við Þorvaldsdalsá.

TAKA tillit til veiðitímabils sem er JÚNÍ til lok SEPTEMBER

Leitaast eftir að koma í veg fyrir mengunarslys t.d.með

að yfirfara glusslagnir vélanna.

Með bestu kveðju.

Kjartan Gústafssoon

Hjarðarslóð 2A

620 Dalvík